

## Hope Knútsson

Ég útskrifaðist úr námi í iðjuþjálfun árið 1967 frá Columbia Háskóla í New York City.

Ég ætlaði upphaflega að verða sálfræðingur vegna þess að ég hef óbilandi trú á því að fólk geti breytt hegðun sinni, hugsunum og eigin lífi. Ég tók BA próf í sálfræði og heimspeki 1964 og fékk starf sem aðstoðarfélagsráðgjafi í New York City. Ég var með 100 skjólstæðinga sem ég þurfti að fylgjast með og var það hluti af eftirmeðferð þeirra að lokinni dvöl á geðsjúkrahúsi. Ég vann eitt ár við þetta starf.



Ég var ekki nógu sátt við sumt af því sem felst í því hlutverki sálfræðings eða félagsráðgjafa að sitja fyrir aftan skrifborð sem ég upplifði að væri hindrun eða fyrirstaða og spyrja fólk spurninga, eins og það væri í yfirheyrslu. Mér fannst þetta frekar óeðlilegt, stíft og takmarkað.

Einn dag í vinnunni, heimsótti ég dagspítala sem var tengdur göngudeildinni þar sem ég vann og þar sá ég iðjuþjálfun í praxis og það kveikti í mér! Ég fann strax að svona vildi ég vinna með fólki með geðræn vandamál. Ég vildi nota meira af persónuleika mínum en starfið sem sálfræðingur eða félagsráðgjafi bauð upp á. Ég vildi t.d. hafa tækifæri til þess að geta komist í sneringu við fólk, nota kímniáfu, syngja og leika með þeim og fara saman út í samfélagið. Ég vildi aðstoða fólk við þeirra hversdagslegu athafnir sem í raun skipta miklu máli í lífinu. Ég hreifst af þessari fjölbreytni og þeim fjölmörgu tækifærum sem iðjuþjálfun hefur upp á að bjóða manneskju sem hefur áhuga á að hjálpa öðrum.

Ég hef aldrei séð eftir því að hafa orðið iðjuþjálfari. Eftir nokkur ár í starfi ákvað ég að flytja til Íslands til að verða brautryðjandi í faginu og taka þátt í að stofna námsbraut í iðjuþjálfun hér. Það tók einungis um 20 ár! En það tókst!